

22. Stjórnarfundur Fálkaseturs Íslands

Fundarstaður: Þekkingarsetur Þingeyinga, Hafnarstétt 3, Húsavík

Dagsetning: 15. september 2017

Fundartími: 14:00 – 15:45

Mættir: Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Ari Páll Pálsson, Daði Lange, Guðrún K. Aðalsteinsdóttir og Guðmundur Ögmundsson sem ritar fundargerð. Sverrir Thorstensen boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar
2. Starf sumarsins
3. Fjárhagsleg staða
4. Framtíðin
 - a. Sýning Fálkaseturs
 - b. Vernd fálkans
 - c. Viðburður til að heiðra minningu Theódórs Gunnlaugssonar
5. Önnur mál

Fundur settur

Aðalsteinn setur fund og býður fundargesti velkomna. Ákveðið að Aðalsteinn stýri fundi og Guðmundur riti fundargerð.

1. Verkaskipting stjórnar

Samkvæmt venju hefur þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum verið formaður. Guðmundur biðst undan því, en stingur upp á Aðalsteini sem formanni, Sverri sem gjaldkera og sjálfum sér sem varaformanni. Samþykkt samhljóða.

2. Starf sumarsins

Síðasta laugardag í júlí var fyrirlestur í Gljúfrastofu á vegum Vatnajökulspjóðgarðs og Fálkaseturs Íslands, en í fyrirlesturinum fjallaði Ólafur K. Nielsen um sambúð fálka og rjúpu. Rigningarveður var þessa helgi og fátt gesta á svæðinu, en 12 manns mættu þó og hlýddu á fyrirlesturinn, allt heimamenn. Að fyrirlestri loknum voru líflegar umræður um lífshætti ýmissa fuglategunda og ýmislegt fleira náttúrutengt.

3. Fjárhagsleg staða

Fjárhagslega staða er óbreytt frá aðalfundi. Útgjöld félagsins eru þó í algjöru lágmarki, en ekki er verið að greiða fyrir ýmis útgjöld félagsmanna, t.d. langan akstur vegna funda, þótt það væri að öllu jöfnu eðlilegt.

4. Framtíðin

- a) Ýmsir möguleikar eru varðandi sýningu sem er samstarfsverkefni Fálkasetursins og Vatnajökulspjóðgarðs. Guðmundur telur að hægt sé að finna henni stað í Gljúfrastofu. Samþykkt að senda inn styrkumsókn til Vina Vatnajökuls fyrir lok mánaðarins.
- b) Samþykkt að leita eftir styrkjum fyrir eftirlitsmyndavélar til að setja upp við fálkahreiður.
- c) Daði stingur upp á að stjórn hittist við fyrsta tækifæri að Hafurstöðum í Öxarfirði, m.a. til að skipuleggja viðburð til tileinkaðan Theódóri á Bjarmalandi. Fundarmenn hlynntir því. Stefnan sett á að fara í ferð að Hafurstöðum og Bjarmalandi 25. október.

5. Önnur mál

Aðasteinn greindi frá fálkum í Kelduhverfi sem hafa vanið komur sínar í hræ sem borin eru út vegna refaveiða. Mögulega má skapa þar tækifæri fyrir almenning til að sjá villtan fálka, jafnvel þannig að það sé viðskiptatækifæri í því. Fundarmenn ræddu kosti og galla hugmyndarinnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 15:45.